50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsnes sýslu. 1860. 12. sept.

Eptir tilmælum yðar, herra amtmaður, í brèfi 26. júlím. þ. á. hefir dómsmálastjórnin hlutazt til um, að keyptar væru 400 tunnur af rúgi, sem eru til greindar í ávísunarseðlum þeim, sem fylgja brèfi þessu; verður korn þetta nú flutt hèðan með skipi, er heitir Anna, og Thurö skipstjóri ræður fyrir, til verzlunarstaðanna Ólafsvíkur og Stykkishólms, og má lána það, fyrir 9½ ríkisdal tunnuna, þeim sveitum í Snæfellsnes sýslu, þar sem mestur er bjargarskortur.

Um leið og dómsmálastjórnin skorar á yður að gæta þess nákvæmlega, að korni þessu, sem hlutaðeigandi verzlunarstjórar úthluta eptir ráðstöfun yfirvaldsins, verði útbýtt á skynsamlegan hátt, skal því við bætt, að þèr seinna meir verðið látnir vita nákvæmar um, uppá hverja skilmála lánið verður veitt.

Stjórnin vonar eptir að fá játningu yðar um, að kornið hafi komið til skila, og skýrslu um, hvernig því verður útbýtt.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Þórarni Finnbogasyni til að kaupa fyrir smíðatól. 24. sept.

Í bænarskrá, er hèðan var send innanríkisstjórninni, hefir sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, Þorsteinn Jónsson kanselíráð, sótt um, að Þórarni Finnbogasyni á Vopnafirði verði veittur styrkur úr almennum sjóði, til þess hann geti leitað sèr framfara í járnsmiðs-iðninni, og einkum til þess, að hann geti fengið sèr þau smíðatól, er hann þarf á að halda við iðn þessa; hefir síðan innanríkisstjórnin kveðið sig fúsa til, að veita Þórarni hèrumbil 50 ríkisdala styrk til að kaupa fyrir smíðatól, en óskar á hinn bóginn að fá fyrst vitneskju um, hvaða tól hann þurfi, og hvað af þeim kynni fást á Íslandi, og hvað þau kosti, og um það, hver smíðatól ætti að kaupa hèr, að því leyti fèð hrökkur til þess.

1860. 24. sept. Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, til þess þér kunngjörið það þeim, er hlut á að máli, biður hún yður að útvega og senda hingað skýrslur þær, sem að ofan er á vikið.

---

26. sept. **52. Opið brèf, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28 marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrri en eptir miðaptan, mega hèr eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvölds á þessum dögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða[1].

---

26. sept. **53. Opið brèf, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.**

Vèr Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í um-

1) Frumvarp til lagaboðs þessa var lagt fyrir alþingi 1859, og fèllst þingið á það óbreytt. sjá Alþ. t. 1859, 364. og 365. bls. og viðbæti A, 3.—6. bls.